

53. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1,18. des. 2008 kl. 16:00 að Hamraborg 1.

Dagskrá: 1. Fjárhagsáætlun næsta árs; 2. Úttekt Þjóðskjalasafn Íslands: Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð; 3. Skráningarstörf og áformuð skil skjala til Héraðsskjalasafns Kópavogs; 4. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. **Fjárhagsáætlun næsta árs:** Héraðsskjalavörður lagði fram drög að fjárhagsáætlun eins og hún leit út þá en önnur umræða í bæjarstjórn var á dagskrá 19. desember. Drögin eru fskj. I.
2. **Úttekt Þjóðskjalasafn Íslands: Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð:** Héraðsskjalavörður dreifði „úttekt Þjóðskjalasafns á starfsemi héraðsskjalasafna haustið 2008.“ Úttektin ber nafnið *Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð* og er ætlað að stuðla að „markvissri umræðu um héraðsskjalasöfnin og umbótum á vettvangi þeirra.“
3. **Skráningarstörf og áformuð skil skjala til Héraðsskjalasafns Kópavogs:** Skráð hefur verið efni frá Lionsklúbbi Kópavogs, Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar og brunavirðingarbækur sem eru hér í safninu.
Héraðsskjalavörður sagði frá fundi sínum með fræðsluviði Kópavogs þar sem voru allir skólastjórar grunnskóla í bænum. Tilfnið var að koma skjalasöfnum skólanna í skráð horf og gera skjalavistunaráætlanir yfir þau öll. Niðurstaðan varð sú að byrjað yrði á skjalasafni elsta skóla bæjarins, Kópavogsskóla, sem gæti svo nýst sem fyrirmynd þegar ráðist yrði í skráningu og frágang á skjölum hinna skólanna Þarna var rætt um vinnubrögð við skjalavörslu. Héraðsskjalavörður skýrði og frá því að hann hafi farið á fund hjá Mentor (skráningarkerfi fyrir einkunnir, mætingar o.fl. hjá grunnskólum) ásamt borgarskjalaverði Reykjavíkur. Rætt var m.a. um grísjunarheimildir skjala í skólakerfinu.
Nokkrir afhendingarsamningar skjala eru í undirbúningi sem skýrt verður frá síðar.
4. **Önnur mál:** Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17:20.

Fundarritari Bjarni Ólafsson